

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorphaðu- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

Sorphaða fer fram samkvæmt dagatali sorphaðu ár hvert. Árið 2015 er gert ráð fyrir 19 sorphaðudögum. Einnig er móttaka sorps á gámasvæðum.

#### 2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skyldt að nota það ílat sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað.

#### 3. gr.

Á hverja íbúð, lögbýli og íbúðarhús greiðist sorphaðugjald sem ræðst af stærð íláta og staðsetningu:

<i>Almennur úrgangur:</i>	<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald:	27.500 kr.	36.500 kr.

Hver aukalosun frá íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum	kr. 3.500
Hvert auka ílat fyrir almennan úrgang 240 l	kr. 4.000

Sumarhús, íbúð og íbúðarhús þar sem ekki er sorpílat:

Sorpgjald:	kr. 8.700
------------	-----------

Notendur þeirra geta losað sig við sorp á gámasvæðum sveitarfélagsins.

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphaðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphaðu frá þeim.

<i>Sorphaðugjald:</i>	<i>kr.</i>
Flokkur 1	42.000
Flokkur 2	109.000
Flokkur 3	130.000
Flokkur 4	212.000
Flokkur 5	396.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

#### 4. gr.

Að lokinni álagningu skv. 3. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Húnavatnshrepps 29. október 2014, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphaðu í Húnavatnshreppi og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 160/2014. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

*Húnavatnshreppi, 8. janúar 2015.*

**Einar Kristján Jónsson** sveitarstjóri.